



Skýrsla framkvæmdastjóra ÆSKÞ Starfsárið 2011

Undirrituð tók við starfi framkvæmdarstjóra ÆSKÞ þann 1. september 2011 af Jónu Lovísu Jónsdóttur, sem hafði verið framkvæmdastjóri frá upphafi. Þakkar Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar Jónu Lovísu vel unnin störf í þágu sambandsins.

Verkefni ÆSKÞ:

Erlent samstarf:

Eitt af markmiðum ÆSKÞ hefur verið að opna möguleika íslenskra ungmenna til að kynnast ungmennum í kirkjustarfi á erlendum vettvangi.

Þórunn Harðardóttir er okkar fulltrúi í European Fellowship og vegna þátttöku okkar í starfi þeirra vísa ég í skýrslu hennar sem kynnt verður á aðalfundi fyrir árið 2011.

Kirkjuþing unga fólksins:

Kirkjuþing unga fólksins þann 11. nóvember í Grensáskirkju. Kirkjuþingssamþykkt frá 2010 að KUF sé haldið árlega. Þátttakendur voru 20 frá öllum prófastsdæmum, ásamt tveimur fulltrúum frá KFUM/K. Forseti var kjörin Jónína Sif Eyþórsdóttir, æskulýðsleiðtogi í Hjalla- og Digraneskirkju, jafnframt sat hún sem áheyrnarfulltrúi á Kirkjuþingi. Sunna Dóra Möller, guðfræðingur og æskulýðsfulltrúi í Akureyrarkirkju sá um framkvæmd Kirkjuþingsins. Vegna nánari lýsingar á framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins er vísað í hennar skýrslu.

Landsmót ÆSKÞ

Landsmót æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar fór fram á Selfossi helgina 28.-30. október. Í ár beindum við sjónum okkar að Japan og líkt og í fyrra var mótið góðgerðamót, unglingar safna fyrir unglinga og söfnuðum við fyrir skóla á flóðasvæðunum. Unnið í samstarfi við Japönsk hjálparsamtök, Hearts of Gold og Hjálparstarf kirkjunnar. Safnaðist 256.000. Landsmótsstjóri var Rakel Brynjólfsdóttir. Þátttakendur á mótinu voru 480, ungmenni, sjálfboðaliðahópur, leiðtogar. Er það samdóma álit allra að mótið hafi verið vel skipulagt og vel heppnað í alla staði.

Bjartsýni í Brúarási

Samvera fyrir 14-16 ára ungmenni í Brúarásskóla Fljótsdalshéraði, með mannréttindafræðslu og uppbyggjandi samfélagi fyrir ungmenni á norður- og austurlandi. Verkefnið var styrkt af Æskulýðssambandi Eyjafjarðarprófastsdæmis, Múlaprófastsdæmi, Fljótsdalshéraði og Æskulýðssjóði.

TTT-mót

Undanfarin ár hefur ÆSKÞ staðið fyrir TTT-mótum í Vindáshlíð í Kjós, 60 börn og 20 leiðtogar. Yfirskriftnin var ég er hermaður Kristis, mótsstjóri var Margrét Ólöf Magnúsdóttir.

LÆK: Leiklistarstarf Æskulýðsfélaga kirkjunnar hlaut styrk frá Kærleikspjónustusviði Biskupsstofu til að vera með sumarstarf fyrir unglinga. Starfið hélt áfram á haustönninni og lauk með gerð jóladagatala í myndbandaformi í desember. Hópurinn

var var með margvíslegar upptakomur og var m.a. sýnilegur í miðbæ Reykjavíkur á 17. júní og Menningarnótt með gjörninga og svokallað Flash- Mob.

Námskeið

ÆSKP stóð fyrir því að halda 3 námskeið um vanrækslu og ofbeldi gegn börnum og unglingum og hvernig bregðast eigi við slíku. Námskeiðin báru yfirskriftina “Verndum þau”, leiðbeinendur á námskeiðunum eru Ólöf Ásta Farestveit uppeldis- og afbrotufræðingur og forstöðumaður í Barnahúsi og Þorbjörg Sveinbörnsdóttir, MA í sálfræði og starfsmaður í Barnahúsi. Verða þessi námskeið áfram á dagskrá hjá ÆSKP og eiga allir æskulýðsleiðtogar að sækja slíkt námskeið. Námskeiðin eru styrkt af Æskulýðssjóði.

Samstarfsverkefni:

ÆSKP hefur tekið þátt í mörgum samstarfsverkefnum á þessu ári eins og öll starfsárin, og má þar nefna Farskóla leiðtogaefna og Grunnnámskeið í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og Biskupsstofu. Leiðtoganámskeið, febrúarnámskeið og æskulýðsfulltrúanámskeið í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi, Biskupsstofu og KFUM/K.

Að auki hefur ÆSKP tekið þátt í verkefnum á æskulýðsvettvanginum utan kirkjunnar. Við erum með aukaaðild að LÆF og á hverju voru hefur ÆSKP tekið þátt í Evrópuviku gegn kynþáttamísrétti í samstarfi við Mannréttindastofu, Ungliðahreyfingu Rauða krossins, ÆSKR, KFUM/K og ÍTR.

Spurningakeppnin Jesús lifir sem ÆSKP hefur tekið þátt í undanfarin ár í samstarfi við ýmis trúfélög var haldin í Suðurhlíðarskóla og Íslensku Kristskirkjunni í apríl og tóku 10 lið þátt, þar af 5 úr barnastarfi Þjóðkirkjunnar. Þessi keppni er ætluð börnum í kirkjustarfi á aldrinum 9-12 ára (4. -7. bekk) og er frábær viðbót við hefðbundið TTT- starf í kirkjunni.

Vegna nánari lýsingar á verkefnum vísa ég í skýrslu stjórnar ÆSKP.

Framkvæmdarstjóri ÆSKP fer í fæðingarorlof frá og með 1. febrúar 2012. Margrét Ólöf Magnúsdóttir, fráfarandi formaður ÆSKP mun leysa framkvæmdastjóra af til 31. maí.

Að lokum vil ég þakka stjórn ÆSKP og öllum sem koma að hinu fjölbreytta starfi ÆSKP gott samstarf og góðar stundir á liðnu starfsári.

Virðingarfyllst,

Sigríður Rún Tryggvadóttir
Framkvæmdastjóri ÆSKP